



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14  
105 REYKJAVÍK

*Tillaga um hleðslustöðvar fyrir rafbíla í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs*

Lagt er til að settar verði upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla í bílastæðahúsunum Kolaporti og Ráðhúsinu fyrir árslok 2019, sex hleðslustæði í hvoru húsi, og þar með verði komnar hleðslustöðvar í öll bílastæðahús Bílastæðasjóðs. Jafnframt er lagt til að sett verði eftirfarandi markmið um fjölgun hleðslustöðva í húsum Bílastæðasjóðs en þau verði endurskoðuð reglulega í ljósi notkunar. Lagt er til að notkun stöðvanna verði enn gjaldfrjáls til að hvetja til notkunar húsanna en rafbílaeigendur greiða fyrir aðgang að húsunum líkt og aðrir bílaeigendur.

Markmið um fjölgun hleðslustöðva í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs:

	Fjöldi stæða í húsi	Hleðslustæði í dag	Ný hleðslustæði							Hlutfall stæða í húsi 2025
			2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	
Stjömuport	191	6	0	4	4	4	6	6	6	19%
Traðarkot	270	6	0	4	6	6	8	10	10	19%
Vítorg	223	6	0	6	6	6	6	6	8	20%
Kolaport	166	0	6	4	4	6	4	4	6	20%
Ráðhús	130	0	6	2	4	4	2	4	4	20%
Bergstaðir	58	4	0	0	0	2	2	2	2	21%
Vesturgata	106	4	0	2	2	2	4	4	4	21%
Samtals	1144	26	12	22	26	30	32	36	40	
Heildar hlutfall stæða		2%	3%	5%	8%	10%	13%	16%	20%	
Áætlaður kostnaður á ári [m.kr.]			5,2	7,7	9,1	10,5	11,2	12,6	14	

**Greinargerð með tillögu**

Samkvæmt loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar hyggst borgin standa fyrir uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðahúsum borgarinnar. Bílastæðahús Bílastæðasjóðs eru sjö og hafa stöðvar þegar verið settar upp í fimm þeirra. Eftir er að koma upp hleðslustöðvum í Ráðhúsinu og Kolaportinu. Lagt er til að þar verði komið upp hleðslustöðvum á þessu ári, sex hleðslustæði í



hvoru húsi.

Í greiningu Háskólans í Reykjavík á þjóðhagslegri hagkvæmni rafbílavæðingar er áætlað að árið 2025 verði 20% bíla á landinu ýmist tengil tvinnbílar eða hreinir rafbílar. Lagt er til að árið 2025 verði 20% stæða í bílastæðahúsum borgarinnar með möguleika á hleðslu. Með framangreindum stöðvum í Kolaporti og Ráðhúsinu verða tenglar við 3% stæða í húsum Bílastæðasjóðs í lok árs 2019. Tengil tvinnbílar og hreinir rafbílar eru í dag um 11% af bílaflota landsins. Í tillögnum er lagt til markmið um hleðslutengla við 10% stæða árið 2022 en að þörf fyrir fjölgun stöðva verði endurmetin reglulega með tilliti til notkunar. Stöðvunum fjölgi þannig um 12-40 á ári fram til ársins 2025.

Hleðslustöðvar í bílastæðahúsum eru notaðar í skamman tíma af íbúum sem sækja verslun og þjónustu í miðborginni en einnig lengri tíma hjá íbúum sem sækja vinnu í nágrenni húsanna eða geyma bíla í húsunum á nóttu. Hleðslustöðvarnar þurfa því að bjóða uppá millihraða hleðslu (< 22 kW) og hæghleðslu (< 7,4 kW). Verð á 22 kW hleðslustöðvum er það sama og á 7,4 kW hæghleðslustöðvum og kostnaður við uppsetningu sá sami. Kostnaður við kapla að 22 kW stöðvum er aðeins hærri en 7,4 kW, en af heildar verði er munurinn óverulegur og því gert ráð fyrir að setja upp 22 kW stöðvar í húsunum. Í áætluðum kostnaði í töflunni hér að framan er gert ráð fyrir stækkun heimtaugar í Kolaporti árið 2019. Að öðru leiti er ekki gert ráð fyrir stækkun heimtauga heldur álagsstýringu milli hleðslustöðva. Hugsanlega þarf að stækka heimtaugar í stærstu húsunum, Traðarkoti og Vitatorgi á seinni hluta tímabilsins en það ræðst af notkun stöðvanna. Með álagsstýringu fer afl stöðvanna niður í það sem kalla má hæghleðslu hlaði margir bíleigendur samtímis. Sem dæmi má með 400 A heimtaug, sem er í bílastæðahúsum í dag, hlaða um 10-12 bíla samtímis á 22 kW en rúmlega 35 bíla á 7,4 kW.

Raforka og notkun hleðslustöðva í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs er í dag gjaldfrjálst en greitt er fyrir aðgang að húsunum. Lagt er til að raforka og notkun hleðslustöðva verði enn gjaldfrjálst í bílastæðahúsum til að hvetja til notkunar húsanna. Hins vegar verði endurskoðuð gjaldtaka fyrir notkun hleðslustöðva í götustæðum en hún er einnig gjaldfrjálst í dag og stæði gjaldfrjálst í 90 mínútur fyrir rafbíla.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson  
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða